

EFTIRLITSSKÝRSLA

Semtsverksmiðjan Akranesi Akranes



Dags eftirlits	21.8.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Semtsverksmiðjan Akranesi	Fulltrúi UST	
Heimili	Mánabraut 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602695369	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sesselja Einarsdóttir	ÍSAT nr.	26.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar H. Sigurðsson	Staðsetning	351068,21 427468,774

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starsleyfi komu fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

Starfsemi semtsverksmiðjunnar felst nú fyrst og fremst í innflutningi, pökkun og afgreiðslu á sementi frá NORSEM í Noregi ásamt minniháttar mölun á skeljasandi. Gjall og semtsframleiðsla var hætt í lok árs 2011.

UMFANG EFTIRLITS

Í lok árs 2011 urðu verulegar breytingar á rekstri Semtsverksmiðjunnar. Gjall og semtsframleiðsla var lögð niður og í kjölfarið hafinn innflutningur á sementi frá NORSEM í Noregi. Í dag felst starfsemi Semtsverksmiðjunnar fyrst og fremst í afgreiðslu og pökkun semts auk minniháttar framleiðslu á skeljasandsmélu. Sampykkt var í bréfi 22.júlí sl. að skrá Semtsverksmiðjuna tímabundið í eftirlitsflokk 3 og því fækkar reglubundnum eftirlitum í eitt eftirlit á ári. Semtsverksmiðjunni ber að fylgja ákvæðum starfsleyfis frá 2008 sem eiga við núverandi rekstur.

Í eftirlitinu kom fram að rekstrarstöðvunin væri varanleg og farið yfir stöðu frágangs vegna rekstrarstöðvunar samkvæmt áætlun sampykktri af UST.

Semtsverksmiðjan almennt: Þau verksmiðjuhús sem ekki eru í notkun eru læst. Þetta á við um allar byggingar nema pökkunarstöð, semtsgeyma, semtskemmu, skrifstofu og mótuneyti, semtskvörn II og efnisgeymslu. Sólarhringsvöktun frá Securitas er á verksmiðjussvæðinu öllu.

Vatnslagnir, dælur og þrær: Vatnspró, lagnir/dælur, leðjuþró og leðjugeymar hafa verið tæmd og hreinsuð.

Rafmagn: Orkuveitu Reykjavíkur var tilkynnt um rekstrarstöðvun í bréfi. Háspenna hefur verið tekin af rafsíum og af mótur við semtskvörn I. Kvarnamótur II er enn notaður við mölun á skeljasandi.

Hráefni: Í efnisgeymslu eru um 180 tonn af gifsi og 95 m³ af líparíti en gjallbirgðir hafa verið nýttar að fullu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um sölu eða förgun líparítsins og gifsins.

Eldsneyti - kol: Allar birgðir af kolum voru nýttar í gjallframleiðsluna.

Tankar - úrgangsolía og leysiefni: Hreinsitækni sá um hreinsun olíugeyma og lagna á svæðinu. Um 9700 kg/lítrum af afgangsolíu (slammi) var fargað í Örfirisey. Tilkynna skal UST ef olútankarnir verði teknir aftur í notkun og tryggt að reglubundnar botnþykktarmælingar og þrýstiprófanir á lögnum fari fram áður en notkun þeirra hefst.

Lager/Verkstæði/Rannsóknarstofur: Þessar byggingar eru lokaðar og læstar. Röntgentæki hefur verið tekið úr sambandi við rafmagn.

Olíugildrur: Eftir stöðvun framleiðslunnar berst lítið sem ekkert olíumengað frárennsli frá verksmiðjunni og hefur olíugildrunum því verið lokað.

Athafnasvæði Ártúnshöfða: Þetta svæði er ekki í notkun og skal skilað í samráði við Fasteignir Ríkisins.

Athafnasvæði Akureyri: Birgðastöðin er enn í notkun.

Líparít námur í Hvalfirði: Námurnar eru ekki í notkun og skal skilað í samráði við Hvalfjarðarsveit.

Própangas - Birgðageymir á Akranesi: Própangas er enn notað við pökkun semts í 40kg pakkningar. Eldri própangastankur uppfyllti ekki skilyrði og því voru nýjir minni tankar teknir í notkun í sumar. Í haust er fyrirhugað að notkun própangass verði hætt, þar sem að sementinu verður pakkað í 25kg pakkningar í stað 40kg pakkninga eins og gert er í dag. Tryggja skal að allt própangas verði tæmt úr lögnum og tanki þegar notkun þess verður hætt.

MS Skeiðfaxi: Ákvörðun um sölu MS Skeiðfaxes liggur ekki fyrir.

Föstudaginn 9.ágúst sl. varð mengunaróhapp í semtsverksmiðjunni þegar um 200-300 kg af sementi dreifðist um nærliggjandi svæði. Ástæðan var bilun í loka við birgðasíló þegar verið var að hlaða sementi úr sementsbíl í geymana. Tilkynning barst UST mánudaginn 12.ágúst og samdægurs var ráðist í hreinsun á bifreiðum og húsum hjá þeim nágrönnum sem óskuðu eftir því. UST ítrekar að óhöpp sem þessi skal tilkynna til UST um leið og þau gerast. Eins ítrekar UST mikilvægi þess að allir hlutaðeigandi nágrannar séu upplýstir um óhappið sem allra fyrst eftir að óhappið á sér stað.

Farið var yfir gagnaskil sem kveðið er á um í starfsleyfi.

Þar sem að engin sementsgjallframleiðsla fór fram á svæðinu á árinu 2012 var núllskýrslum skilað í bréfi 18.júní 2013 fyrir grænt bókhald og tölvupósti 28.febrúar 2013 vegna umhverfisskýrslu 2012 og skýrslu um útblástur 2012.

Farið var yfir vöktunaráætlun innra og ytra umhverfis í kjölfar rekstrarbreytinganna.

Önnur sementskvörnin (nr. II) er enn í notkun og því skal mæla ryk í útblæstri hennar 6x á ári. UST óskar eftir þessum mælingum fyrir árið 2012.

Á næsta ári skal taka jarðvegs- og vatnssýni á 3 stöðum á Akranesi ásamt þungmálmagreiningu (árið 2014).

Að lokum var rætt almennt um framleiðsluna í sementsverksmiðjunni. Nýlega hófst blöndun kísilryks í innflutta sementsins til að bæta eiginleika þess og mæta betur kröfum viðskiptavinarins. Kísilrykið kaupa þeir af Elkem á Grundartanga.

ANNAÐ

Reykjavík, 10.09.2013

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.